

REGLUGERÐ

40

20. febr.

um breyting á reglugerð nr. 38 29. marz 1941, um iðnaðarnám, og reglugerðum nr. 100 3. júlí 1942 og nr. 205 6. nóv. 1943, um breytingar á sömu reglugerð.

1. gr.

1. gr. A. breytist þannig:

Á eftir 13. lið 13. gr. komi nýr 14. liður, svo hljóðandi:

2. gr.

2. málsgr. 12. gr. breytist þannig:

Á eftir orðinu „kökugerð“ komi: leirkerasmiði.

3. gr.

Á eftir 13. lið 13. gr. komi nýr 14. liður, svo hljóðandi:

Leirkerasmiði:

1. Nemandi skal móta og renna eftirtalda þrjá gripi:

a. Skrautker (vasa), hæð ca. 35 cm.

b. Skál, þvermál ca. 30 cm.

c. Könnu, hæð ca. 25 cm.

Einn af þessum munum skal nemandi skreyta með upphleyptu myndaskrauti

2. Nemandi móti í leir kertastjaka, geri af honum gibsform og taki svo leirafsteypu af mótinu.

3. Nemandinn sjái um þurrkun þessara fjögurra muna, máli þá og brenni.

Glerung og liti skal hann blanda sjálfur og skrifa litalýsingu. Að lokum skal hann slípa botnfleti munanna í slípivél og með handverkfærum.

Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

4. gr.

Í IV. kafla um iðnskólanám bætist:

Í reikningi: — á eftir orðunum „klæða- og feldskurði“ komi: leirkerasmiði.

Í 4. lið g. — á eftir orðinu „myndagerðarmenn“ komi: leirkerasmiðir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám. Öðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.